

# Minnisblað

Til: Velferðarnefndar Ísafjarðarbæjar  
Frá: Sædísí Maríu Jónatansdóttur, deildarstjóra  
Dags. 16. janúar 2018  
Mnr. 2017030015



ÍSAFJARÐARBÆR

Lögð eru fram drög að nýjum reglum um heimaþjónustu í Ísafjarðarbæ. Ákveðið var að sameina félagslega heimaþjónustu og frekari liðveislu undir þjónustu heimaþjónustu. Sameiningin grundvallast á markmiðum yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Breytingarnar fela í sér skipulagsbreytingar tveggja þjónusta, þ.e. félagslegrar heimaþjónustu og frekari liðveislu. Þær hafa jafnframt í för með sér tilfærslu á verkefnum frá forstöðumanni í félagslegri heimaþjónustu til forstöðumanns í frekari liðveislu. Þá hefur hópstjóri í heimaþjónustu verið ráðinn og er einnig gert ráð fyrir tilfærslu verkefna til hans frá fyrrgreindum forstöðumönnum. Nýjar reglur miðast við sameinaða þjónustu.

Vonast er til að breytingarnar muni bæta þjónustu við þjónustuþega félagslegrar heimaþjónustu og frekari liðveislu og bæta starfsaðstöðu starfsfólks.

Við endurskoðun reglnanna var horft til breytinga á lögum er snerta þjónustuna og reglna annarra sveitarfélaga.

Helstu breytingar:

1. Skýrari skilgreiningar á hugtökum, markhóp og forsendum þjónustunnar.
2. Þjónustuþættir eru skýrðir og afmarkaðir. Þetta hefur í för með sér að á næstu mánuðum verða þjónustuáætlanir endurskoðaðar hjá öllum þjónustuþegum.
3. Þjónustan mun einskorðast við þjónustu inni á heimilum þjónustuþega en ekki í sameignum fjölbýlishúsa.
4. Þjónustu til þjónustuþega, þar sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, búa og geta annast þrif/verkefni verður sagt upp.
5. Lagt er til að matshópur, sem í eru fulltrúar frá velferðarsviði og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, muni meta þörf um heimaþjónustu og hafa samráð um skipulag þjónustunnar.
6. Sett eru fram ný viðmið um forgangs röðun í heimaþjónustu þar sem þeir þjónustuþegar njóta forgangs sem þurfa daglega félagslegan stuðning og aðstoð við eigin umsjá.
7. Miðstöð heimaþjónustunnar verður á Hlíf.
8. Leiðir til áfrýjunar eru tilgreindar og skýrar.

Virðingarfyllt,

Sædís María Jónatansdóttir